# Festi hf.
# Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
# 1. janúar til 31. mars 2019

Festi hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |
| Starfsþáttayfirlit | 15 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Festi hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2019 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Samstæðan

Árshlutareikningurinn innifelur rekstur, efnahag og sjóðstreymi Festi hf. og dótturfélaganna Ego ehf. og Hlekks ehf. auk dótturfélaga Hlekks fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2019. Samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, eiginfjáryfirliti og sjóðstreymisyfirliti innifela hins vegar eingöngu rekstur Festi hf. og dótturfélagsins Ego enda urðu Hlekkur og dótturfélög Hlekks ekki hluti af samstæðu Festi hf. fyrr en 1. september 2018. Í upphafi árs 2019 fluttist rekstur eldsneytisstöðva til nýstofnaða rekstrarfélagsins N1 ehf. og vöruhúsarekstur til Bakkans Vöruhótels ehf., en þessi rekstur var áður í móðurfélaginu Festi hf. Bæði félögin eru dótturfélög Hlekks. Móðurfélagið Festi hf. er áfram eigandi fasteigna sem tengist rekstrinum.

## Rekstur tímabilsins

Rekstrartekjur samstæðunnar fyrstu þrjá mánuði ársins námu 18.602 m.kr. sem er 130% hækkun frá sama tímabili árið áður. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri á tímabilinu 52 m.kr. en þegar tekið er tillit til þýðingamunar vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags er heildarafkoma samstæðunna 51 m.kr. Eigið fé í lok tímabilsins var 26.021 m. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 330 m.kr.

## Hlutafé

Hlutafé félagsins nemur 330 m.kr. að nafnvirði og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Á aðalfundi Festi þann 21. mars 2019 var samþykkt tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum. Samkvæmt henni er stjórn heimilt að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimildin skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði, í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2020, en þó aldrei lengur en til 21. september 2020. Samhliða voru eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum felldar niður.

## Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 846, en þeir voru 915 í upphafi ársins. Tuttugu stærstu hluthafar félagsins í lok tímabilsins eru:

| | |
|---|---|
| Stefnir | 11,7% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 10,1% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 8,9% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-, B- og S-deild | 7,4% |
| Lansdowne Icav Lansdowne Euro | 6,1% |
| Birta lífeyrissjóður | 5,4% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 4,8% |
| Landsbréf | 4,1% |
| Stapi lífeyrissjóður | 4,0% |
| Global Macro funds (Eaton) | 2,9% |
| Wellington | 2,8% |
| Stormtré ehf. | 2,5% |
| Festa - lífeyrissjóður | 2,4% |
| Lífsverk lífeyrissjóður | 2,2% |
| Helgafell ehf. | 2,0% |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 2,0% |
| Kvika banki hf. | 1,6% |
| Vátryggingafélag Íslands hf. | 1,5% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 1,5% |
| Brekka Retail ehf. | 1,3% |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Festi hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2019 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2019 og rekstarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2019.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögga mynd af þróun og árangri í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Festi hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2019 og staðfest hann með undirritun sinni.

Borgarnesi, 20. maí 2019

**Stjórn Festi hf.**

Margrét Guðmundsdóttir
Formaður

Björgólfur Jóhannsson

Kristín Guðmundsdóttir

Guðjón Karl Reynisson

Þórður Már Jóhannesson

**Forstjóri**

Eggert Þór Kristófersson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 31. mars 2019

| | Skýr. | 2019 1.1.-31.3. | 2018 1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| Sala | 6 | 18.229.601 | 7.983.187 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (13.998.767) | (5.993.878) |
| **Framlegð af vörusölu** | 6 | 4.230.834 | 1.989.309 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 372.102 | 105.504 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | | (2.290.652) | (1.094.175) |
| Sölukostnaður | | (257.830) | (211.493) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (725.230) | (388.621) |
| | | (3.273.712) | (1.694.289) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og matsbreytingar** | | 1.329.224 | 400.524 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna, leigueigna og óefnislegra eigna | 7 | (721.493) | (247.869) |
| Matsbreytingar fjárfestingarfasteigna | | (45.092) | 0 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 562.639 | 152.655 |
| Fjármunatekjur | | 19.285 | 23.278 |
| Fjármagnsgjöld | | (617.678) | (102.724) |
| Gengismunur | | 36.478 | (13.781) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 60.201 | 29.518 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | | 0 | (214) |
| | | (501.714) | (63.924) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 60.926 | 88.731 |
| Tekjuskattur | 8 | (9.321) | (12.303) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 51.605 | 76.429 |
| **Önnur heildarafkoma** | | | |
| Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé | | | |
| en kunna síðar að verða færðir í rekstrarreikning: | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | (231) | (15.428) |
| **Önnur heildarafkoma samtals** | | (231) | (15.428) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | 51.374 | 61.001 |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | | 0,16 | 0,31 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuárshlutareikningsins

# Efnahagsreikningur 31. mars 2019

| | Skýr. | 31.3.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Viðskiptavild | | 14.070.463 | 14.070.463 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 4.519.164 | 4.504.012 |
| Rekstrarfjármunir | | 31.911.399 | 32.418.877 |
| Leigueignir | 3 | 3.798.065 | 0 |
| Fjárfestingarfasteignir | | 8.724.709 | 8.751.774 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 2.139.621 | 2.079.666 |
| Verðbréfaeign | | 137.135 | 66.838 |
| Fastafjármunir | | 65.300.555 | 61.891.630 |
| Birgðir | | 7.092.015 | 7.616.386 |
| Viðskiptakröfur | | 3.606.569 | 3.718.347 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 790.973 | 305.786 |
| Handbært fé | | 4.410.558 | 4.266.925 |
| Veltufjármunir | | 15.900.115 | 15.907.443 |
| **Eignir samtals** | | 81.200.671 | 77.799.073 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 329.574 | 329.574 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 13.140.383 | 13.140.383 |
| Annað bundið eigið fé | | 5.483.233 | 5.258.048 |
| Óráðstafað eigið fé | | 7.068.030 | 7.241.841 |
| Eigið fé | | 26.021.220 | 25.969.846 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 33.457.398 | 33.593.033 |
| Leiguskuldir | 3 | 3.326.967 | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 8 | 3.894.245 | 3.938.773 |
| Langtímaskuldir | | 40.678.611 | 37.531.807 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 574.830 | 595.668 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | | 2.776.358 | 2.306.564 |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 3.725.496 | 3.720.530 |
| Leiguskuldir | 3 | 491.741 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 5.107.723 | 5.654.412 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.824.691 | 2.020.246 |
| Skammtímaskuldir | | 14.500.840 | 14.297.421 |
| Skuldir samtals | | 55.179.450 | 51.829.227 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 81.200.671 | 77.799.073 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuárshlutareikningsins

# Eiginfjáryfirlit 31. mars 2019

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Annað bundið eigið fé<br>Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Óinnleystur hagnaður dóttur- og hlut-deildarfélaga | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 31. mars 2019** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2019 ............................................... | 329.574 | 13.140.383 | 82.393 | 3.654.286 | 1.642.560 | (121.191) | 7.241.841 | 25.969.846 |
| Heildarafkoma tímabilsins .................................. | | | | | | (231) | 51.605 | 51.374 |
| Bundið vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga ........... | | | | | 254.222 | | (254.222) | 0 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags .............. | | | | (8.371) | | | 8.371 | 0 |
| Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna ............... | | | | (20.435) | | | 20.435 | 0 |
| Eigið fé 31.3.2019 .............................................. | 329.574 | 13.140.383 | 82.393 | 3.625.480 | 1.896.782 | (121.422) | 7.068.030 | 26.021.220 |
| | | | | | | | | |
| Annað bundið eigið fé samtals .................................................................................................................................................... | | | | | | 5.483.233 | | |
| | | | | | | | | |
| **1. janúar til 31. mars 2018** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2018 ............................................... | 250.000 | 3.153.857 | 62.500 | 3.846.730 | 376.857 | (154.490) | 6.276.324 | 13.811.779 |
| Heildarafkoma tímabilsins .................................. | | | | | | (15.428) | 76.429 | 61.001 |
| Bundið vegna hlutdeildarfélaga ........................... | | | | | 40.549 | | (40.549) | 0 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags .............. | | | | (8.671) | | | 8.671 | 0 |
| Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna ............... | | | | (39.828) | | | 39.828 | 0 |
| Eigið fé 31.3.2018 .............................................. | 250.000 | 3.153.857 | 62.500 | 3.798.231 | 417.406 | (169.918) | 6.360.722 | 13.872.780 |
| | | | | | | | | |
| Annað bundið eigið fé samtals .................................................................................................................................................... | | | | | | 4.108.219 | | |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuárshlutareikningsins

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. mars 2019

| | Skýr. | 2019 1.1.-31.3. | 2018 1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og matsbreytingar | | 1.329.224 | 400.524 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | (9.910) | (5.350) |
| | | 1.319.314 | 395.175 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 524.371 | (411.344) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) | | (373.410) | (725.696) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | (245.657) | 645.229 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | (94.696) | (491.811) |
| Innborgaðir vextir | | 22.844 | 19.434 |
| Greiddir vextir | | (482.887) | (87.755) |
| Greiddur tekjuskattur | | (74.823) | (87.105) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 689.752 | (252.063) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir | | (26.953) | 0 |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (311.424) | (170.581) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 220.645 | 7.238 |
| Kaup/viðbætur fjárfestingarfasteigna | | (18.027) | 0 |
| Keyptir eignarhlutir í félögum | | (97.500) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (233.259) | (163.343) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda við lánastofnanir | | (246.981) | 0 |
| Afborganir leiguskulda | 3 | (98.055) | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (345.036) | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 111.457 | (415.407) |
| **Gengismunur af handbæru fé** | | 32.176 | 2.207 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 4.266.925 | 2.800.082 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 4.410.558 | 2.386.883 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuárshlutareikningsins

# Skýringar

## 1. Starfsemi samstæðunnar

Festi hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Meginstarfsemi samstæðunnar felst í sölu eldsneytis, vöru og þjónustu til fyrirtækja, matvöru og tengdra vara, raftækjasölu og útleigu húsnæðis. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess. Vísað er til félaganna í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn samstæðuárhlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum samstæðuársreikningi og ætti að lesa í samhengi við samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2018.

Stjórn Festi hf. samþykkti samstæðuárshlutareikninginn 20. maí 2019.

### Breytt flokkun rekstrarkostnaðar

Eins og fram kemur í samstæðuársreikningi félagsins fyrir árið 2018 var flokkun tiltekinna rekstrargjalda breytt á árinu 2018 í kjölfar kaupa Festi á Hlekk og dótturfélögum. Breytt framsetning var gerð til að samræma flokkun rekstrargjalda í samstæðunni. Í þessum samandregna árshlutareikningi samstæðunnar hefur samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu vegna ársins 2018 verið breytt til samræmis við nýja flokkun en breytingin hefur engin áhrif á afkomu samstæðunnar, eignir, skuldir, eigið fé eða sjóðstreymi. Veigamesta breytingin er sú að dreifingakostnaður er færður til gjalda meðal kostnaðarverðs seldra vara en var áður færður meðal sölu- og dreifingakostnaðar.

### Breytt framsetning vaxtagjalda í sjóðstreymisyfirliti

Framsetningu greiddra vaxa í sjóðstreymisyfirliti hefur verið breytt á þann veg að greiddir vextir af langtímaskuldum við lánastofnanir eru nú færðir meðal rekstrarhreyfinga en voru áður færðir meðal fjármögnunarhreyfinga. Greiddir vextir í sjóðstreymisyfirliti innifela nú hvort tveggja greidda vexti af skammtímaskuldum og langtímaskuldum. Geiddir vextir meðal rekstrarhreyfinga á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2019 innifela auk þess greiddir vextir af leiguskuldum vegna beitingar IFRS 16 (sjá skýringu 3). Samanburðarfjárhæðum fyrra árs hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun. Það er mat stjórnenda að breytt flokkun greiddra vaxta af langtímaskuldum við lánastofnanir gefi gleggri mynd af uppruna og ráðstöfun handbærs fjár í sjóðstreymisyfirliti.

### Breytingar á samstæðunni og framsetningu starfsþáttayfirlits

Í upphafi árs 2019 fluttist frá Festi hf. rekstur eldsneytisstöðva til nýstofnaða rekstrarfélagsins N1 ehf. og vöruhúsarekstur til Bakkans Vöruhótels ehf. Bæði félögin eru dótturfélög Hlekks. Móðurfélagið Festi hf. er áfram eigandi fasteigna sem tengist rekstrinum. Í kjölfar yfirtöku Festi á Hlekk og dótturfélögum þann 1. september 2018 hefur verið unnið að breyttri framsetningu starfsþátta samstæðunnar. Þeirri vinnu er nú lokið og eru starfsþættir nú sundurliðaðir með ýtarlegri hætti en í samstæðuársreikningi félagsins fyrir árið 2018. Starfsþættir samstæðunnar byggja á innri skýrslugjöf til lykilstjórnenda samstæðunnar.

### Aðrar breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum

Í upphafi árs 2019 tók staðalinn IFRS 16 *Leigusamningar* gildi. Vísað er til skýringar nr. 3 um áhrif staðalsins. Vegna þeirrar innleiðingaraðferðar sem beitt var við upptöku IFRS 16 hefur samanburðarfjárhæðum fyrra árs ekki verið breytt.

Að öðru leyti en að framan greinir um breytta flokkun vaxtagjalda í sjóðstreymisyfirlitinu áhrif IFRS 16 og framsetningu starfsþáttayfirlits var sömu reikningsskilaaðferðum beitt við gerð þessa samstæðuárshlutareiknings og beitt var við gerð samstæðuársreiknings félagsins fyrir árið 2018.

### Framsetningar- og starfsrækslumiðill

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa metið rekstrarhæfi samstæðunnar. Það er mat þeirra að áframhaldandi rekstur hennar sé tryggður og hún vel í stakk búin til að mæta skuldbindingum sínum í fyrirsjáanlegri framtíð. Árshlutareikningurinn er því settur fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

### Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

# Skýringar, frh.:

## 3. IFRS 16 *Leigusamningar*

### Almennt um IFRS 16

IFRS 16 *Leigusamningar* tók gildi 1. janúar 2019 og kom í stað IAS 17 *Leigusamningar* og tengdra túlkana.

IFRS 16 innleiðir eitt reikningshaldslegt líkan um færslu leigusamninga í efnahagsreikning leigutaka. Vegna þessa hefur samstæðan sem leigutaki eignfært leigueignir vegna réttar samstæðunnar til að nota þær og leiguskuldir vegna skuldbindingar samstæðunnar til að greiða leigu. Færsla leigusamninga hjá leigusala er svipuð og samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum, þ.e. leigusali flokkar hvern leigusamning annaðhvort sem fjármögnunarleigusamning eða rekstrarleigusamning. Beiting IFRS 16 hefur ekki haft áhrif á reikningsskil samstæðunnar sem leigusala.

### Skilgreining á leigusamningi

Samstæðan leggur nú mat á það hvort samningur sé eða innihaldi leigusamning byggt á nýrri skilgreiningu á leigusamningi. Samkvæmt IFRS 16 er samningur leigusamningur, eða inniheldur leigusamning, ef hann veitir rétt til yfirráða yfir skilgreindri eign á tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

### Áhrif við upptöku

Samstæðan hefur beitt IFRS 16 frá 1. janúar 2019. Samstæðan tók staðalinn upp með því að beita aðferð uppsafnaðra áhrifa, þar sem leigueignir voru færðar við sömu fjárhæðum og leiguskuldir, án áhrifa á eigið fé 1. janúar 2019 og án þess að breyta samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2018. Áhrif staðalsins voru þau að leigueignir og leiguskuldir að fjárhæð 3.823 m.kr. voru færð í efnahagsreikning þann 1. janúar 2019.

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru vegna húsnæðis og lóða. Við útreikning fjárhæða leigueigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti.

Við mat á vöxtum á nýju lánsfé þurftu stjórnendur að leggja mat sitt á það. Við matið var horft til ýmissa þátta en einkum tegund leigueignar, staðsetningar hennar, ástands og leigutíma. Vegnir meðalvextir voru ákvarðaðir sem 5,5% - 7,0% fyrir húsnæði en 5,0% - 7,7% fyrir lóðir.

Stjórnendur þurftu jafnframt að leggja mat á leigutíma, einkum vegna ótímabundinna samninga og samninga með framlengingar- og / eða uppsagnarheimildum. Ákvarðaður leigutími kann að vera lengri eða styttri en sá leigutími sem tilgreindur er í samningi. Veginn leigutími leigusamninga um húsnæði og lóðir var ákvarðaður 10 ár.

Leigusamningar samstæðunnar um húsnæði og lóðir voru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar fram til 1. janúar 2019 og því ekki færðir í efnahagsreikning samstæðunnar í árslok 2018. Skuldbindingar samstæðunnar vegna þessara leigusamninga námu 4.992 m.kr. í árslok 2018, samanber skýringu 16 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2018. Við innleiðingu IFRS 16 voru skuldbindingarnar núvirtar og færðar sem leiguskuldir að fjárhæð 3.823 m.kr. í efnahagsreikning samstæðunnar þann 1. janúar 2019.

### Áhrif á reikningsskilatímabilinu

*Leigueignir*

Leigueignir eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi leigusamninga og metnar á kostnaðarverði. Þær eru síðan færðar á endurmetnu verði í samræmi við endurmatslíkan IAS 16, líkt og sambærilegar eignir til eigin nota sem eru í eigu samstæðunnar, að teknu tilliti til afskrifta, virðisrýrnunar og leiðréttinga vegna endurmats leiguskulda, eftir því sem við á. Leigueignir eru sérgreindar í efnahagsreikningi meðal fastafjármuna.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

| | **Húsnæði** | **Lóðir** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Staða 1. janúar 2019 | 3.279.948 | 543.122 | 3.823.070 |
| Breyting vegna endurmats á leiguskuldum | 76.510 | 10 | 76.520 |
| Afskriftir tímabilsins | ( 87.729) | ( 13.796) | ( 101.525) |
| Staða 31. mars 2019 | 3.268.729 | 529.336 | 3.798.065 |

# Skýringar, frh.:

**3. IFRS 16 *Leigusamningar*, frh.**

*Leiguskuldir*

Leiguskuldir eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi leigusamninga og metnar miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á þeim tíma, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með vöxtum samstæðunnar á nýju lánsfé.

Eftir upphaflega færslu er bókfært verð leiguskulda hækkað vegna vaxtagjalda og lækkað vegna greiddra leigugreiðslna. Bókfært verð er jafnframt endurmetið þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, á mati á þeirri fjárhæð sem vænst er að þurfi að greiða á grundvelli hrakvirðistryggingar, eða þegar við á, breytinga á mati á því hvort nokkuð víst er að kaupheimild eða framlengingarheimild verði nýtt eða að uppsagnarheimild verði ekki nýtt. Leigugreiðslum er skipt í vaxtahluta annars vegar og afborgunarhluta leiguskulda hins vegar. Vaxtahluti leigugreiðslna fer almennt lækkandi eftir því sem líður á leigutíma. Leiguskuldir eru sérgreindar í efnahagsreikningi og skipt í langtíma- og skammtímahluta.

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

| | |
|---|---|
| Leiguskuldir 1.1.2019 ........ | 3.823.070 |
| Vaxtagjöld ........ | 50.113 |
| Greiddar leiguskuldir á tímabilinu ........ | ( 130.995) |
| Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna ........ | 76.520 |
| Leiguskuldir 31.3.2019 ........ | 3.818.708 |

*Áhrif á rekstrarreikning*

Vegna færslu leigusamninga samkvæmt IFRS 16 hefur samstæðan fært í rekstrarreikning á tímabilinu afskriftir að fjárhæð 102 m.kr og vaxtagjöld að fjárhæð 50 m.kr. Beiting IFRS 16 á 1. ársfjórðungi 2019 leiðir til þess að EBITDA tímabilsins er 131 m.kr. hærri en hefði verið ef fyrri reikningsskilaaðferðum vegna leigusamninga hefði verið beitt áfram.

**4. Samstæðufélög**

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar ef samstæðan ber áhættu og réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku sinnar í félaginu og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninginn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðuárshlutareikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður og viðskipti og allar óinnleystar tekjur og gjöld milli félaga innan samstæðu eru felld út við gerð samstæðureikningsskilanna.

## 4. Samstæðufélög, frh.

Félög í samstæðunni

Samstæðuárshlutareikningurinn innifelur eftirfarandi félög. Öll dótturfélög eru beint eða óbeint að fullu í eigu móðurfélagsins Festi.

| Félag | Starfsemi |
| --- | --- |
| Festi hf. | Festi er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í rekstri félaga sem eru leiðandi í smásölu og sölu á eldsneyti á Íslandi. Hlutverk Festi er að veita rekstrarfélögum stuðning við að uppfylla kröfur viðskiptavina þannig að þau geti áfram verið í fararbroddi í þjónustu- og vöruframboði um land allt. Festi leggur rekstrarfélögum sínum til stoðþjónustu m.a. á sviði fjármála, reksturs og viðskiptaþróunar. |
| Ego ehf. | Ego ehf. er fjárfestingafélag til að halda utan um fjárfestingar félagsins og næstu skref í framþróun þess. |
| Hlekkur ehf. | Hlekkur ehf. er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í fjárfestingum í verslunarfyrirtækjum og öðrum félögum sem tengjast verslunarrekstri. |
| N1 ehf. | N1 ehf. sér um rekstur bensínstöðva félagsins. Félagið rekur 29 þjónustustöðvar um land allt. Á þjónustustöðvum félagsins er veitingarekstur, eldsneytissala og sala ýmissa dagvara. Auk þessa rekur N1 55 sjálfsafgreiðslustöðvar með eldsneyti. Verkstæði N1 eru 11 og verslanir 5. |
| Krónan ehf. | Krónan ehf. er verslunarfyrirtæki sem starfar á dagvöruverslunarmarkaði. Fyrirtækið starfrækir verslanir á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni undir merkjum Krónunnar, Kr, Kjarvals og Nóatúns. |
| Elko ehf. | Starfsemi félagsins felst í sölu á heimilistækjum og raftækjum í sérverslunum. Fyrirtækið starfrækir verslanir á höfuðborgasvæðinu og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, auk þess sem félagið er með vefverslun. |
| Festi fasteignir ehf. | Starfsemi félagsins felst í útleigu á atvinnuhúsnæði. |
| Bakkinn vöruhótel ehf. | Bakkinn vöruhótel ehf. sérhæfir sig í vöruhýsingu, pökkun, vörumerkingu, afgreiðslu og dreifingu á vörum fyrir viðskiptavini sem kjósa að úthýsa vöruhúsastarfsemi sinni að hluta til eða öllu leyti. |

# Skýringar, frh.:

## 5. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekna og gjalda vegna viðskipta við aðra starfsþætti samstæðunnar. Starfsþættir eru ákvarðaðir af forstjóra félagsins sem yfirfer reglulega starfsþætti samstæðunnar til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfsþátta eru heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Verð á vöru og þjónustu sem seld er milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Hvert og eitt rekstrarfélag í samstæðunni er sérstakur starfsþáttur (sjá skýringu nr. 4 um félög innan samstæðunnar) en starfsþátturinnn fasteignir innifelur rekstur fasteigna innan Festi hf. og Festi fasteigna ehf. Starfsþáttayfirlitið er á bls. 15.

## 6. Sala

| Sala og framlegð samstæðunnar sundurliðast þannig: | **2019<br>1.1.-31.3.** | **2018<br>1.1.-31.3.** |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 5.280.513 | 5.602.096 |
| Aðrar vörur | 12.949.088 | 2.381.091 |
| Sala samtals | 18.229.601 | 7.983.187 |

| Sala samstæðunnar greinist þannig eftir viðskiptavinum: | | |
|---|---|---|
| Sjávarútvegur | 882.997 | 934.058 |
| Samgöngur | 411.139 | 978.273 |
| Verktakar | 559.179 | 492.945 |
| Erlend sala | 468.049 | 456.303 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 15.908.237 | 5.121.608 |
| Samtals | 18.229.601 | 7.983.187 |

| Framlegð af vörusölu | | |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 990.762 | 954.483 |
| Aðrar vörur | 3.240.072 | 1.034.826 |
| Framlegð af vörusölu samtals | 4.230.834 | 1.989.309 |

## 7. Afskriftir

| Afskriftir í rekstrarreikningi greinist þannig: | | |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 527.208 | 238.560 |
| Leigueignir | 101.525 | 0 |
| Óefnislegar eignir | 92.760 | 9.310 |
| Afskriftir samtals | 721.493 | 247.869 |

## 8. Tekjuskattur

Tekjuskattur i rekstrarreikningi greinist þannig:

| Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig: | | **2019<br>1.1.-31.3.** | | **2018<br>1.1.-31.3.** |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 60.926 | | 88.731 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,0% | 12.185 | 20,0% | 17.746 |
| Óskattskyldar tekjur af eignarhlutum | ( 19,8% ) | (12.040) | ( 6,5% ) | (5.753) |
| Aðrar breytingar | 15,1% | 9.176 | 0,3% | 309 |
| Virkur tekjuskattur | 15,3% | 9.321 | 13,9% | 12.303 |

## 8. Tekjuskattur, frh.:

Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði í lok tímabilsins:

| | 31.3.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir og fjárfestingarfasteignir | 3.121.845 | 3.123.132 |
| Óefnislegar eignir | 844.437 | 807.850 |
| Aðrir liðir | (72.037) | 7.791 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 3.894.245 | 3.938.773 |

## 9. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | 31.3.2019 | | 31.12.2018 | |
|---|---|---|---|---|
| | Vaxtakjör | Bókfært verð | Vaxtakjör | Bókfært verð |
| Óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum | 5,5% | 13.309.030 | 5,5% | 13.474.500 |
| Verðtryggð lán með föstum vöxtum | 3,9% | 11.594.457 | 3,9% | 11.610.538 |
| Verðtryggð lán með breytilegum vöxtum | 3,8% | 8.553.911 | 3,8% | 8.507.995 |
| Langtímahluti samtals | | 33.457.398 | | 33.593.033 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 1.725.496 | | 1.720.530 |
| Skammtímalán | 5,3% | 2.000.000 | 5,3% | 2.000.000 |
| Skammtímahluti samtals | | 3.725.496 | | 3.720.530 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | | 37.182.894 | | 37.313.563 |

Afborganir langtímalána greinast þannig:

| | 31.3.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| 2019/2020 | 1.725.496 | 1.720.530 |
| 2020/2021 | 1.734.559 | 1.733.483 |
| 2021/2022 | 1.739.556 | 1.744.282 |
| 2022/2023 | 1.512.901 | 1.692.671 |
| 2023/2024 | 1.078.639 | 1.101.644 |
| Til greiðslu síðar | 27.391.743 | 27.320.953 |
| Langtímaskuldir við lánastofnanir samtals | 35.182.894 | 35.313.563 |

## 10. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar

| Rekstur | 2019<br>1.1.-31.3. | 2018<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils: | | |
| Vörunotkun / meðalstaða vörubirgða á árinu | 7,61 | 7,49 |
| Söludagar í viðskiptakröfum: | | |
| Meðalstaða viðskiptakrafna á árinu / seldar vörur og þjónusta | 18 | 32 |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu | 31,4% | 17,5% |
| Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu | 54,1% | 47,9% |
| Sölukostnaður / framlegð af vörusölu | 6,1% | 20,5% |
| Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu | 17,1% | 18,7% |

| Efnahagur | 31.3.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall: Veltufjármunir / skammtímaskuldir | 1,10 | 1,11 |
| Lausafjárhlutfall: (Veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir | 0,61 | 0,58 |
| Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA | 4,06 | 3,52 |
| Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn | 32,0% | 33,4% |
| Arðsemi eigin fjár: Afkoma ársins / meðalstaða eigin fjár | 0,8% | 11,0% |

# Starfsþáttayfirlit

| | N1 | Krónan | ELKO | Fasteignir | Annað | Samtals | Jöfnunar-færslur | Beiting IFRS 16* | Samkvæmt árshlutareikningi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fyrsti ársfjórðungur 2019** | | | | | | | | | |
| Sala ..................................................................... | 7.625.929 | 8.319.195 | 2.291.898 | 0 | 0 | 18.237.022 | (7.421) | 0 | 18.229.601 |
| Aðrar rekstrartekjur .............................................. | 64.128 | 3.023 | 0 | 1.009.596 | 692.087 | 1.768.834 | (1.396.732) | 0 | 372.102 |
| Heildartekjur starfsþátta ...................................... | 7.690.056 | 8.322.218 | 2.291.898 | 1.009.596 | 692.087 | 20.005.856 | (1.404.153) | 0 | 18.601.703 |
| Heildarekstrargjöld starfsþátta ............................ | (7.621.843) | (7.949.309) | (2.285.801) | (182.272) | (768.401) | (18.807.627) | 1.404.153 | 130.995 | (17.272.479) |
| EBITDA starfsþátta ............................................. | 68.213 | 372.909 | 6.097 | 827.324 | (76.314) | 1.198.229 | 0 | 130.995 | 1.329.224 |
| Afskriftir starfsþátta ............................................. | (199.119) | (125.163) | (41.093) | (216.404) | (38.189) | (619.968) | 0 | (101.525) | (721.493) |
| Matsbreyting fjárfestingarfasteigna ..................... | 0 | 0 | 0 | (45.092) | 0 | (45.092) | 0 | 0 | (45.092) |
| Áhrif hlutdeildafélaga ........................................... | 0 | 0 | 0 | 0 | 60.201 | 60.201 | 0 | 0 | 60.201 |
| Rekstrarafkoma starfsþátta ................................ | (130.906) | 247.746 | (34.996) | 565.828 | (54.303) | 593.370 | 0 | 29.470 | 622.840 |
| Hrein fjármagnsgjöld .......................................... | | | | | | | | | (561.914) |
| Tekjuskattur ....................................................... | | | | | | | | | (9.321) |
| Hagnaður tímabilsins ......................................... | | | | | | | | | 51.605 |
| **31. mars 2019** | | | | | | | | | |
| Eignir starfsþátta ................................................ | 16.442.279 | 8.951.515 | 3.520.801 | 36.495.629 | 13.656.875 | 79.067.099 | (4.799.581) | 3.798.065 | 78.065.583 |
| Óskiptar eignir ................................................... | | | | | | | | | 3.135.088 |
| Eignir samtals .................................................... | | | | | | | | | 81.200.671 |
| Óskiptar skuldir .................................................. | | | | | | | | | 55.179.450 |
| Fjárfestingar starfsþátta ..................................... | 74.023 | 173.011 | 22.461 | 107.495 | 83.894 | 460.884 | (104.480) | 0 | 356.404 |
| Afskriftir ............................................................. | (199.119) | (125.163) | (41.093) | (216.404) | (38.189) | (619.968) | 0 | (101.525) | (721.493) |

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfsþátta taka ekki mið af reglum IFRS 16.

# Starfsþáttayfirlit, frh.

| | N1 | Krónan | ELKO | Fasteignir | Annað | Samtals | Jöfnunar-færslur | Beiting IFRS 16* | Samkvæmt árshlutareikningi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fyrsti ársfjórðungur 2018** | | | | | | | | | |
| Sala ........ | 7.983.187 | | | | | 7.983.187 | | | 7.983.187 |
| Aðrar rekstrartekjur ........ | 105.504 | | | 511.999 | | 617.503 | (511.999) | | 105.504 |
| Heildartekjur starfsþátta ........ | 8.088.691 | 0 | 0 | 511.999 | 0 | 8.600.690 | (511.999) | 0 | 8.088.691 |
| | | | | | | | | | |
| Heildarekstrargjöld starfsþátta ........ | (8.096.508) | | | (103.658) | | (8.200.166) | 511.999 | | (7.688.167) |
| EBITDA starfsþátta ........ | (7.817) | 0 | 0 | 408.341 | 0 | 400.524 | 0 | 0 | 400.524 |
| Afskriftir starfsþátta ........ | (147.343) | | | (100.526) | | (247.869) | | | (247.869) |
| Áhrif hlutdeildafélaga ........ | | | | 29.518 | | 29.518 | | | 29.518 |
| Rekstrarafkoma starfsþátta ........ | (155.160) | 0 | 0 | 337.333 | 0 | 182.173 | 0 | 0 | 182.173 |
| | | | | | | | | | |
| Hrein fjármagnsgjöld ........ | | | | | | | | | (93.441) |
| Tekjuskattur ........ | | | | | | | | | (12.303) |
| Hagnaður tímabilsins ........ | | | | | | | | | 76.429 |
| | | | | | | | | | |
| **31. mars 2018** | | | | | | | | | |
| Eignir starfsþátta ........ | 14.897.602 | | | 11.013.224 | | 25.910.826 | | | 25.910.826 |
| Óskiptar eignir ........ | | | | | | | | | 2.386.883 |
| Eignir samtals ........ | | | | | | | | | 28.297.709 |
| | | | | | | | | | |
| Óskiptar skuldir ........ | | | | | | | | | 14.424.928 |
| | | | | | | | | | |
| Fjárfestingar starfsþátta ........ | 32.326 | | | 138.255 | | 170.581 | | | 170.581 |
| Afskriftir ........ | (147.343) | | | (100.526) | | (247.869) | | | (247.869) |